

BRÁÐABIRGÐALÖG

75

12. ágúst

um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna fjárhagsörðugleika síldveiðiflotans sakir aflabrests á yfirstandandi síldarvertíð, sé mjög erfitt að fá keyptar vistir til skipanna, nema því aðeins að kröfur, sem stofnaðar hafa verið eða stofnaðar verða vegna kaupa á vistunum, verði látnar njóta sjóveðsréttar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1950, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Stjórnartíðindi 1950, A. 11.

BRÁÐABIRGÐALÖG

76

19. ágúst

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátautvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem síldveiðin hefur brugðizt það sem af er þessu sumri og það sé sjötta sumarið í röð, sem síldveiði bregst, beri brýna nauðsyn til að veita útvegsmönnum fjárhagslega aðstoð nú þegar til að koma í veg fyrir, að þeir neyðist til að hætta veiðum. Enn fremur að lög um hlutatryggingasjóð bátautvegsins, nr. 48 25. maí 1949, séu nú komin til framkvæmda og sé eðlilegast að sjóðurinn leysi vandræðin eftir því, sem hann hafi fjárhagsgetu til. Handbært fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs sé nú um 490000 kr., en auk þess eigi síldveiðideildin að fá síðar 2500000 króna stofnfé, sbr. 12. gr. laga nr. 22/1950, og að samkvæmt niðurlagi 10. gr. laga nr. 48/1949, um hlutatryggingasjóðinn, megi aldrei skerða stofnfé hans. Þar sem brýna nauðsyn ber til þess,